

Þriðjudaginn 6. júní 2017 kl: 17:00 kom Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps saman til 10. fundar á árinu í Hreppsstofu. Mættir hreppsnefndarmennirnir Jakob, Ólafur, Arngrímur Viðar, Helgi Hlynur og Jón. Gestir fundarins Sigríður Þorgrímsdóttir og Kristján Halldórsson frá Byggðastofnun.

1.Heimsókn frá Byggðastofnun fulltrúar verkefnisins brothættar byggðir.

Kynntu verkefnið brothættar byggðir og möguleika Borgarfjarðarhrepps í tengslum við verkefnið.

2.Samningur við VHE um þjónustuhús við bátahöfnina.

Verkamningur um steiptar einingar og umsjón kynntur.

3.Umsögn um veitingu rekstrarleyfis, Blábjörg.

Hreppsnefnd samþykkir leyfið fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að ganga frá leyfinu þegar umsagnir liggja fyrir.

4.Endurnýjun gúmmíkurlis í Sparlhöllinni.

Tilboð hefur borist í endurnýjun gúmmíkurlis, sveitarstjóra falið að skoða málið betur.

1. Erindi frá Birni Kristjánssyni

Kynning á hönnunarverkefni, hreppsnefnd tekur vel í verkefnið og lýsir sig tilbúna til viðræðna um það.

2. Fundargerðir:

a. Ársalir 03.05.2017, 16.05.2017, 31.05.2017

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

b. HAUST 24.05.2017

Lögð fram til kynningar.

c. Minjasafn Austurlands 27.02.2017, 21.04.2017

Lagðar fram til kynningar.

d. Hafnarsamband Ísl. 28.04.2017

Lögð fram til kynningar.

e. Samband ísl. sveitarfél. 19.05.2017

Lögð fram til kynningar.

f. Skipulags og bygginganefnd 31.05.2017

Fundargerðin er í þrem liðum og og kresfst liður eitt ekki afgreiðslu. Undir lið tvö Geitland aðal og deiliskipulag vakti Arngrímur Viðar athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu og var það samþykkt samhljóða. Hreppsnefnd samþykkti einróma að auglýsa skipulagstillögurnar. Í þriðja lið er fjallað um

breytingu á aðalskipulagi í þorpinu. Hreppsnefnd samþykkir breytingarnar einróma.

7. Skýrsla sveitarstjóra.

Lagt hefur verið parket á kaffistofuna í Fjarðarborg.

Hafnarvog, rætt um fyrirkomulag viktunar. Rætt um málefni skólans.

Fundi slitið kl. 20.00

Jón Þórðarson ritaði